

## Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2014, mánudaginn 23. júní var haldinn 216. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13:33. Viðstödd: Elsa Hrafnhildur Yeoman formaður, Þórgnýr Thoroddsen, Dóra Magnúsdóttir, Stefán Benediktsson, Börkur Gunnarsson, Marta Guðjónsdóttir, Ingvar Jónsson. Áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna: Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Áheyrnarfulltrúi SAF: Þórir Garðarsson. Af hálfu starfsmanna: Svanhildur Konráðsdóttir, Signý Pálsdóttir, Berglind Ólafsdóttir og Auður Halldórsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að kjósa Þórgnýr Thoroddsen varaformann menningar- og ferðamálaráðs.
2. Lögð var fram tillaga um að reglulegir fundir ráðsins verði haldnir 2. og 4. mánudag hvers mánaðar kl. 13:30-16:00. Að auki verði undirbúningsfundir haldnir 1. og 3. mánudag hvers mánaðar kl. 13:00. Tillagan var samþykkt.
3. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2015-2020 ræddur.
4. Samþykkt að óska eftir tilnefningum um áheyrnarfulltrúa Bandalags íslenskra listamanna og Samtaka ferðaþjónustunnar.
5. Lögð fram svohljóðandi tillaga: Menningar- og ferðamálaráð samþykkir að fela eftirtöldum að meta umsóknir um styrki vegna útgáfu myndríkra bóka um sögu Reykjavíkur og úthluta á grundvelli auglýsingar, umsókna og nýsamþykkrar menningarstefnu Reykjavíkurborgar: Signý Pálsdóttir skrifstofustjóri menningarmála, María Karen Sigurðardóttir deildarstjóri minjavörslu og rannsókna Borgarsögusafni og Gísli Helgason verkefnastjóri rannsókna og skráningar Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Dómnefndin gerir ráðinu grein fyrir störfum sínum á fundi þess í ágúst 2014. Með tillögunni fylgdi greinargerð. (RMF14060007) Tillagan var samþykkt.
6. Kynning á starfsemi Menningar- og ferðamálasviðs:
  - Svanhildur Konráðsdóttir sviðsstjóri kynnti skipulagningu, rekstur og helstu verkefni Menningar- og ferðamálasviðs.
  - Einar Bárðarson forstöðumaður kynnti Höfuðborgarstofu.
  - Hafþór Yngvason safnstjóri kynnti Listasafn Reykjavíkur.
  - Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður kynnti Borgarbókasafn Reykjavíkur.
  - Guðrún Dís Jónatansdóttir forstöðumaður kynnti Menningarmiðstöðina Gerðuberg.
  - Guðbrandur Benediktsson safnstjóri kynnti Borgarsögusafn Reykjavíkur.

### Fundi slitið kl. 15:47

Elsa Hrafnhildur Yeoman m.e.h.

Þórgnýr Thoroddsen m.e.h.  
Stefán Benediktsson m.e.h.  
Marta Guðjónsdóttir m.e.h.  
Þorgerður Agla Magnúsdóttir m.e.h.

Dóra Magnúsdóttir m.e.h.  
Börkur Gunnarsson m.e.h.  
Ingvar Jónsson m.e.h.